



# Uppgjör Landsbankans

Janúar – júní 2017

---



27. júlí 2017

## Fréttatilkynning vegna hálfs árs uppgjors Landsbankans árið 2017

# Landsbankinn hagnast um 12,7 milljarða króna á fyrri helmingi ársins 2017

Afkoma Landsbankans var jákvæð um 12,7 milljarða króna eftir skatta á fyrri helmingi ársins 2017 samanborið við 11,3 milljarða króna hagnað á sama tímabili árið 2016. Arðsemi eigin fjár á tímabilinu var 10,6% á ársgrundvelli samanborið við 8,6% á sama tímabili 2016 og kostnaðarhlutfall lækkar og er nú 43%.

Hreinar vaxtatekjur voru 18,2 milljarðar króna og hækkuðu um 3,2% á milli tímabila. Hreinar þjónustutekjur námu 4,4 milljörðum króna og hækkuðu um 13,8% frá sama tímabili árið áður. Virðisbreytingar lækkuðu um 1 milljarð króna á milli tímabila og vanskilahlutfall heldur áfram að lækka, var 1,1% á fyrri helmingi ársins samanborið við 1,7% á sama tímabili 2016.

Rekstrartekjur bankans á fyrri helmingi ársins hækkuðu um 2,5% frá sama tímabili árið áður, úr 28,6 milljörðum króna í 29,3 milljarða króna. Aðrar rekstrartekjur námu 5,4 milljörðum króna samanborið við 4,8 milljarða króna sama tímabil árið áður og skýrist hækkunin aðallega af jákvæðum gangvirðisbreytingum á óskráðum hlutabréfum.

Vaxtamunur eigna og skulda nam 2,5% á fyrri helmingi ársins 2017 en var 2,3% á sama tímabili árið áður.

Rekstrarkostnaður bankans nam 12 milljörðum króna á fyrri helmingi ársins 2017 sem er lækkun um 1,7% miðað við sama tímabil árið 2016. Þar af var launakostnaður 7,1 milljarður sem er lækkun um 2,3% frá sama tímabili 2016. Annar rekstrarkostnaður lækkaði um 0,8% frá sama tímabili árið 2016 og var 4,9 milljarðar.

Kostnaðarhlutfall á fyrri helmingi ársins 2017 var 43,0% sem er lækkun um 4,3 prósentustig frá sama tímabili árið áður. Skýrist lækkunin einkum af jákvæðri þróun á mörkuðum ásamt lægri rekstrarkostnaði bankans.

Eigið fé Landsbankans var 238,9 milljarðar króna 30. júní sl. og eiginfjárhlutfallið var 27,6%.

*Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, segir:*

„Afkoma Landsbankans á fyrri helmingi ársins 2017 var góð og er til marks um stöðugan og traustan rekstur bankans. Rekstrartekjur héldu áfram að aukast, einkum vegna aukinna umsvifa í hagkerfinu og aukinnar markaðshlutdeildar bankans. Um leið veldur hagræðing því að rekstrarkostnaður minnkar.

Það er sérstaklega gleðilegt fyrir okkur að ánægja með þjónustu bankans hefur aukist og fleiri bera traust til bankans. Einnig sjáum við áframhaldandi jákvæða þróun í vanskilum því vanskilahlutfall viðskiptavina heldur áfram að lækka og er nú 1,1%.

Í júní greiddi Landsbankinn að fullu upp eftirstöðvar skuldabréfa sem árið 2009 voru gefin út til gamla Landsbanka Íslands hf, nú LBI ehf. Við nýttum okkur að Landsbankanum bjóðast sífellt betri kjör á erlendum fjármagnsmörkuðum og með því að greiða skuldabréfin upp sparast töluverður fjármagnskostnaður. Ávinningur af uppgreiðslu og endurfjármögnun skuldabréfanna mun koma fram að fullu í rekstrarreikningum bankans frá og með þriðja ársfjórðungi 2017 og bætt kjör á mörkuðum munu þar að auki bæta samkeppnishæfni bankans í útlánum í erlendri mynt.“

## **Helstu atriði úr rekstri á öðrum ársfjórðungi (2F) 2017**

### *Rekstur:*

- » Hagnaður Landsbankans á 2F 2017 nam 5,1 milljarði króna, samanborið við 8,0 milljarða króna á sama fjórðungi 2016.
- » Arðsemi eigin fjár eftir skatta nam 8,6%, samanborið við 12,4% fyrir sama tímabil árið 2016.
- » Virðisbreytingar útlána voru neikvæðar um 478 milljónir á 2F 2017 en voru jákvæðar um 2 milljarða á sama ársfjórðungi 2016.
- » Hreinar vaxtatekjur námu 10,2 milljörðum króna í samanburði við 10,1 milljarð króna á sama ársfjórðungi árið 2016.
- » Hreinar þjónustutekjur námu 2,3 milljörðum króna en þær voru tæplega 1,9 milljarðar króna á 2F 2016.
- » Vaxtamunur eigna og skulda var 2,9% samanborið við 2,8% á 2F 2016.
- » Laun og launatengd gjöld nema 3,7 milljörðum króna og hækka um 2,7% á milli tímabila.
- » Rekstrarkostnaður að frátöldum launum og launatengdum gjöldum hækkar um 1,4% frá sama tímabili árið áður.
- » Kostnaðarhlutfall á öðrum ársfjórðungi 2017 var 43,6% samanborið við 40,8% á sama tíma árið áður.
- » Stöðugildi 30. júní 2017 voru 988 en voru 1.040 á sama tíma fyrir ári. Eigið fé Landsbankans var 238,9 milljarðar króna 30. júní sl. og eiginfjárlutfallið var 27,6%.

#### Efnahagur:

- » Eigið fé Landsbankans nam í lok júní um 238,9 milljörðum króna og hefur það lækkað um 5% frá áramótum.
- » Eiginfjárlutfall alls (Total Capital Ratio) þann 30. júní 2017 var 27,6% en var 28,9% í lok júní 2016. Það er vel umfram 22,1% lágmarkseiginfjárkröfu Fjármálaeftirlitsins.
- » Heildareignir bankans námu 1.171 milljarði í lok júní 2017.
- » Innlán viðskiptavina námu 628 milljörðum króna í lok júní 2017 samanborið við 589,7 milljarða króna í lok árs 2016.
- » Ný útlán til viðskiptavina á öðrum ársfjórðungi eru um 57 milljarðar króna, en að teknu tilliti til afborgana, virðisbreytinga og fleiri þátta lækka heildarútlán um tæpa 1,9 milljarða á tímabilinu.
- » Lausafjárstaða bankans er sterk sem fyrr, jafnt í erlendri mynt sem í íslenskum krónum, og er vel umfram lágmarkskröfur eftirlitsaðila. Heildarlausafjárlutfall (LCR) var 183% í lok júní 2017.

	1H 2017	1H 2016	2F 2017	2F 2016
Hagnaður eftir skatta	12.653	11.298	5.077	7.983
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	10,6%	8,6%	8,6%	12,4%
Leiðrétt arðsemi eftir skatta*	11,1%	8,5%	9,9%	10,1%
Vaxtamunur eigna og skulda**	2,5%	2,3%	2,9%	2,8%
Kostnaðarhlutfall***	43,0%	47,3%	43,6%	40,8%
	30.6.2017	30.6.2016	31.12.2016	31.12.2015
Heildareignir	1.170.628	1.109.844	1.111.157	1.118.658
Útlán til viðskiptavina	870.483	827.241	853.417	811.549
Innlán frá viðskiptavinum	627.954	556.841	589.725	559.051
Eigið fé	238.944	247.291	251.231	264.531
Eiginfjárlutfall	27,6%	28,9%	30,2%	30,4%
Heildarfjármögnunarþekja	125%	123%		
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	169%	145%	154%	136%
Heildarlausafjárþekja	183%	123%	128%	113%
Lausafjárþekja erlendra mynta	470%	684%	743%	360%
Gjaldeyrisjöfnuður	1.535	6.458	3.480	23.795
Vanskilahlutfall (>90 daga)	1,1%	1,7%	1,5%	1,8%
Stöðugildi	988	1.040	1.012	1.063

\* Leiðrétt arðsemi eftir skatta = (Hagnaður eftir skatta – jákvæðar virðisbreytingar eftir skatta – skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja – hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta)/meðalstaða eigin fjár.

\*\* Vaxtamunur eigna og skulda = (Vaxtatekjur/meðalstaða heildareigna) – (vaxtagjöld/meðalstaða heildarskulda).

\*\*\* Kostnaðarhlutfall = Rekstrargjöld alls/(Hreinar rekstrartekjur – virðisbreytingar útlána).

## Aðrir þættir í rekstri bankans á fyrri helmingi ársins 2017

- » Hlutdeild Landsbankans á einstaklingsmarkaði á fyrri hluta árs 2017 var 38,8% samkvæmt mælingum Gallup, en var 37,6% á sama tímabili árið 2016.
- » Hlutdeild bankans á fyrirtækjamarkaði mælist nú 35,3% á ársgrundvelli samkvæmt mælingum Gallup.
- » Markaðir Landsbankans eru sem fyrr í forystusveit þegar kemur að veltu í kauphöll, hvort sem litið er til viðskipta með hlutabréf eða skuldabréf.
- » Könnun Gallup sýnir aukna ánægju með þjónustu Landsbankans og að viðskiptavinir bera aukið traust til bankans.
- » Í janúar var Lilja Björk Einarsdóttir verkfræðingur ráðin bankastjóri Landsbankans.
- » Nýr vefur Landsbankans, Umræðan, er besta efnis- og fréttaveitan og farsímabanki Landsbankans, l.is, besta vefappið að mati dómnefndar Íslensku vefverðlaunanna fyrir árið 2016.
- » Á aðalfundi Landsbankans 22. mars var samþykkt að bankinn greiði 24,8 milljarða króna í arð á árinu 2017. Annars vegar 13 milljarða króna arðgreiðslu vegna rekstrarársins 2016 og hins vegar sérstakan arð til hluthafa að fjárhæð 11,8 milljarðar króna.
- » Landsbankinn fékk endurvottun til næstu þriggja ára samkvæmt ISO 27001:2013 sem er staðall fyrir upplýsingaöryggi og meðferð trúnaðarupplýsinga. Vottun bankans samkvæmt ISO 27001 nær aftur til ársins 2007.
- » Landsbankinn tók í maí hæstu tilboðum sem bárust í allar nýu eignir bankans á svæði 2 í Vogabyggð í Reykjavík.
- » Bankaráð Landsbankans ákvað í maí að byggja húsnæði fyrir starfsemi bankans við Austurhöfn í Reykjavík. Bankinn mun nýta um 10.000 m<sup>2</sup> í nýju húsi, um 60% af flatarmáli hússins, en selja eða leigja frá sér um 6.500 m<sup>2</sup> sem munu nýtast fyrir verslun og aðra þjónustu.
- » Í júní gerði Landsbankinn, fyrstur íslensku bankanna, sátt við Samkeppniseftirlitið sem felst í því að bankinn ræðst í aðgerðir til að efla samkeppni á sviði almennrar viðskiptabankaþjónustu við einstaklinga og lítil fyrirtæki.
- » Landsbankinn greiddi í júní að fullu upp eftirstöðvar skuldabréfa sem gefin voru út til gamla Landsbanka Íslands, nú LBI ehf., vegna eigna og skulda sem færðar voru frá LBI til bankans í október 2008. Þegar skuldabréfin til LBI voru upphaflega gefin út nam fjárhæð þeirra samtals um 350 milljörðum króna á þáverandi gengi, að teknu tilliti til skilyrts skuldabréfs sem var hluti af samningnum.
- » Norræni fjárfestingarbankinn og Landsbankinn skrifuðu í júní undir nýjan lánssamning til sjö ára að fjárhæð 75 milljónir Bandaríkjadala, að jafnvirði um 7,8 milljarða króna. Landsbankinn mun endurlána fjárhæðina til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og umhverfistengdra verkefna á Íslandi.
- » Landsbankinn lauk í júní við skuldabréfaútgáfu í sænskum krónum en samtals voru gefin út skuldabréf fyrir 1 milljarð sænskra króna til þriggja ára. Talsverð umframeftirspurn var eftir bréfunum.